

## **Prófnefnd löggiltra endurskoðenda**

Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum – seinni hluti

9. október 2013

kl. 9:00 – 17:00

### ***Ábendingar:***

***Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er því skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.***

***Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.***

***Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.***

***Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.***

***Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu.***

***Prófmönnum er heimilt að taka með sér báða hluta prófsins, fylgiskjöl, lausnir og önnur gögn að loknum seinni prófdegi, en skulu skila í prófmöppu útprentun af úrlausnum, auk þess að vista rafrænar úrlausnir.***

## **Verkefni 10 – 45 mín.**

Júlía Nína Atladóttir, fjármálastjóri 7fn efnagerðar ehf. hefur nú gengið í gegnum það í fyrsta sinn að hafa endurskoðendur og starfsmenn endurskoðanda inni á skrifstofunni hjá sér og hefur setið sveitt við að taka til gögn sem beðið hefur verið um.

Áritanir endurskoðenda hafa verið Júlíu hugleiknar undanfarið af eftirfarandi ástæðum:

Í fyrsta lagi er Dagbjört Ragnarsdóttir, vinkona hennar og fyrrum skólafélagi, fjármálastjóri hjá lítilli heildsölu í næsta húsi við efnagerðina, en ársreikningur heildsölnunnar er ekki endurskoðaður heldur er hann eins og Dagbjört segir sjálf, yfirfarinn af skoðunarmanni.

Í öðru lagi er Baldur Ingi, eiginmaður Júlíu, tannlæknir í samstarfi við þrjá aðra tannlækna sem reka saman einkahlutafélagið Karius, Baktus og Jens ehf. Þegar Júlía fékk að líta á ársreikning tannlæknastofunnar var hann í fallelgri kápu frá virtu endurskoðunarfyrirtæki í bænum. Þegar hún las áritun endurskoðandans kom fram að ársreikningurinn hafði ekki verið endurskoðaður, heldur hafi verið stuðst við staðal sem heitir ISRS 4410.

Í þriðja lagi er Ingi Már Baldursson sonur þeirra hjóna, einn efnilegasti knattspyrnumaður landsins og hann spilar með KA í fyrstu deildinni. Júlía og Baldur hafa lengi fylgt honum eftir og fyrir tveimur árum gerðist Júlía gjaldkeri stjórnar Knattspyrnudeildar KA. Ársreikningurinn er unninn á skrifstofu félagsins og kemur Júlía í sjálfu sér ekki mikið að gerð hans, en les hann þó yfir. Endurskoðandinn sem áritaði þann reikning skrifar undir hann með ályktun en ekki áritun og vísar til þess að þetta sé í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400. Júlía spurði framkvæmdastjóra KA út í málið og sagði hann að félagið þyrfti einungis að láta kanna reikninginn þar sem félagið spilar í fyrstu deild en ekki í úrvalsdeild og að KSÍ gerði þá lágmarkskröfu að fá slíkan ársreikning sendan.

Júlía lauk viðskiptafræði fyrir 15 árum með áherslu á endurskoðun og reikningsskil. Hún hefur starfað hjá 7fn efnagerð ehf. frá útskrift og hefur félagið aldrei þurft að láta endurskoða ársreikning sinn fyrr en nú.

### **Verkefni:**

**Júlía ræddi mismunandi áritanir við Hermann, stjórnarformann 7 fn efnagerðar ehf., á síðasta stjórnarfundum og var í framhaldi af því óskað eftir svörum frá þér við eftirfarandi spurningum:**

- A) Hvaða félög eru endurskoðunarskyld? Er aðalfundi 7fn efnagerðar ehf. skylt að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki?**
- B) Hvað er ISRS 4410 og hvenær á endurskoðandi að beita honum?**
- C) Hvað er ISRE 2400 og hvað felst í könnun? Hvenær getur endurskoðandi beitt þessum staðli?**

**D) Hver er mismunurinn á vinnu endurskoðanda við endurskoðun annars vegar og könnun hins vegar?**

**E) Hvað felst í yfirferð skoðunarmanns?**

*Rökstyddu svörin með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið hér:**

## **Verkefni 11 – 120 mín.**

Meðfylgjandi eru drög að ársreikningi 7fn efnagerðar ehf. fyrir árið 2012, sjá fylgiskjal 11.1. Á árinu 2012 keypti Sápugerðin ehf. öll hlutabréf 7fn efnagerðar ehf. og á hluthafafundi í júní 2012 varst þú og þitt endurskoðunarfélag kjörið í fyrsta sinn endurskoðendur 7fn efnagerðar ehf. Niðurstöðublöð vegna endurskoðunar einstakra reikningsliða eru meðfylgjandi, sjá fylgiskjal 11.2, og hafa þau verið unnin af aðstoðarmanni þínum, Maríu Sveinsdóttur. Yfirfarið niðurstöðublöðin og takið tillit til þeirra við úrlausn verkefnanna hér að neðan.

### **Verkefni:**

- A) Ákvarðaðu mikilvægismörk vegna endurskoðunar á ársreikningi 7fn efnagerðar ehf. fyrir árið 2012.**
- B) Gerðu drög að skekkjublaði sem þú telur nauðsynlegt að fá frá framkvæmdastjóra og stjórn félagsins vegna óleiðréttra skekkja í samræmi við ISA 450.14.**
- C) Stilltu upp endanlegri áritun í heild sinni samkvæmt niðurstöðum þínum hér að framan, að því gefnu að stjórnendur félagsins neiti að leiðrétta mögulegar skekkjur sem þú telur að séu til staðar. Vandaðu sérstaklega orðalag og frágang áritunarinnar.**
- D) Stilltu upp endanlegri áritun í heild sinni samkvæmt niðurstöðum þínum hér að framan, að því gefnu að stjórnendur félagsins leiðrétti allar þær skekkjur sem þú telur að séu til staðar. Vandaðu sérstaklega orðalag og frágang áritunarinnar.**
- E) Leiðréttu rekstrarreikning, efnahagsreikning og yfirliti um sjóðstreymi í samræmi við niðurstöður þínar í B-lið og D-lið.**

*Rökstyddu svörin með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið hér:**

## Verkefni 12 - 45 mín.

Frummynd ehf. er nýsköpunarfyrirtæki í hugbúnaðargeiranum, staðsett á Egilsstöðum. Haustið 2011 þurfti fyrirtækið að afla fjár til að halda áfram þróun og markaðssetningu á nýju forriti sem ætlað er að setja fram ársreikninga sem eru í samræmi við IFRS, án hjálpar frá endurskoðendum. Fyrirtækið gat á þessum tíma fengið óverðtryggt lán frá viðskiptabanka sínum með 10% vöxtum, en þurfti að leggja fram fullar tryggingar á móti. Því ræddi fyrirtækið við ýmsa fjárfesta um verkefnið. Fjárfestunum leist vel á verkefnið og töldu það góða viðbót við önnur verkefni sem voru komin vel á reksþöl, en voru samt ekki tilbúnir að leggja fram ótryggt hlutafé.

Í viðræðum við fjárfesta kom fram sú hugmynd að Frummynd ehf. myndi gefa út skuldabréf sem þeir gætu keypt. Skuldabréfið væri með veði í einkarétti sem Frummynd átti og einnig í hugbúnaðinum 'Frum', sem fyrirtækið var nýverið farið að framleiða og miklar væntingar voru bundnar við. Samanlagt ættu þessi veð að geta staðið undir allt að 80% af fjárhæð þeirra skuldabréfa sem verið var að skoða.

Áhætta fjárfestanna lá því í einhverri tapsáhættu af skuldabréfinu, auk þess sem gert var ráð fyrir að skuldabréfið yrði með lægri vöxtum en markaðsvöxtum. Hagnaðarvon fjárfestanna fólst í því að skuldabréfið væri með breytirétti í hlutabréf hvenær sem er á lánstímanum, þannig að ef forritið gengi eins vel og áætlanir gerðu ráð fyrir, þá yrði verulegur hagnaður af því, enda mátti gera ráð fyrir að mörg fyrirtæki vildu losna við rándýra ráðgjöf og aðstoð endurskoðenda við gerð reikningsskila sinna.

Þessi hugmynd með skuldabréfin fór á flug og þann 1. október 2011 gaf Frummynd ehf. út 50 óverðtryggð skuldabréf til 5 ára, hvert að nafnvirði 2 milljónir kr., með 3% nafnvöxtum og bauð völdum fjárfestum til sölu. Vextir af bréfunum eiga að greiðast 30. september ár hvert, eftirá. Höfuðstóllinn verður greiddur í lok lánstíma, þann 30. september 2016. Kostnaður við útgáfu skuldabréfanna var 4.305.000 krónur.

Í skuldabréfunum er breytiréttur yfir í samtals 40 milljón hluti í Frummynd ehf., hver að nafnvirði 1 kr., hvenær sem er á tímabilinu.

Útgáfan gekk ágætlega og keyptu fjársterkir einstaklingar öll 50 skuldabréfin strax þann 1. október 2011 og greiddu fyrir þau 100 milljónir kr.

### Verkefni þitt er eftirfarandi:

- A) Frummynd ehf. ætlar að flokka þessi útgefnu skuldabréf á afskrifuðu kostnaðarverði. Hvaða færslur á Frummynd ehf. að gera í bókhaldi sínu í upphafi (þann 1. október 2011) vegna útgáfu og sölu skuldabréfanna?**

### 2.

Þann 1. október 2012 kom í ljós að forritið hafði slegið í gegn og því ákváðu eigendur allra skuldabréfanna að breyta þeim yfir í hlutabréf.

**Verkefni þitt er eftirfarandi:**

**B) Hvaða færslur þarf Frummynd ehf. að gera í bókhaldi sínu vegna þeirrar umbreytingar?**

## Verkefni 13 - 45 mín.

Fjármálastjóri Hrávöru ehf. var þann 25. febrúar 2013 búinn að setja upp drög að efnahagsreikningi félagsins þann 31. desember 2012. Áður en hann sendir reikninginn til endurskoðandans, þá vill hann setja upp skýringu um lausafjárahættu (e. liquidity risk) sem stenst kröfur samkvæmt IFRS 7. Hann biður þig að aðstoða sig við að setja upp eftirstöðvagreiningu fjárskulda sem sé í samræmi við IFRS 7.

### Hrávara ehf. :

#### Ýmsir liðir efnahagsreiknings þann 31. desember 2012, í þúsundum króna.

	Debet	Kredit
Ábyrgð.....		12.000
Bankalán.....		35.000
Lán frá hluthöfum.....		50.000
Handbært fé.....	25.000	
Langtímalán.....		140.000
Tekjuskattskuldbinding.....		16.000
Ógreitt hlutafjárloforð.....		25.000
Vaxtaskiptasamningur.....		1.000
Valréttarsamningur.....		2.000
Viðskiptakröfur.....	115.000	
Viðskiptaskuldir.....		85.000

**Ábyrgð:** Hrávara ehf. veitir eins árs ábyrgð á framleiðsluvörum sínum og færir skuldbindingu fyrir þeirri ábyrgð. Sala ársins 2012 dreifist jafnt yfir árið.

**Bankalán:** Bankalán er yfirdráttarheimild sem er fullnýtt og eru vextir 18%. Gert er ráð fyrir að yfirdráttarheimildin greiðist niður í nóvember 2013 þegar sala sumarsins verður gerð upp. Bankinn getur sagt upp yfirdráttarheimildinni með þriggja mánaða fyrirvara.

**Lán frá hluthöfum:** Lán frá hluthöfum var veitt á miðju ári 2012 vegna erfiðrar greiðslustöðu. Hrávara ehf. ræður því hvenær lánið verður endurgreitt, en gerir ráð fyrir að helmingur verði endurgreiddur á miðju ári 2015 og helmingur tveimur árum seinna. Ekki var ákveðið með vexti en framkvæmdastjóri Hrávöru ehf. varpaði þeirri hugmynd fram á hluthafafundi að greiddir yrðu markaðsvextir, 10%. Var gerður góður rómur að máli framkvæmdastjóra.

**Handbært fé:** Handbært fé skiptist í tvennt. Annars vegar inneign á tékkareikningi að fjárhæð fimm milljónir króna sem er til ráðstöfunar hvenær sem er. Hins vegar er hávaxtareikningur, bundinn til 36 mánaða, verðtryggður og

með 3,5% vöxtum. Af bindingunni eru um áramót eftir 5 mánuðir, þannig að öll fjárhæðin að meðtöldum vöxtum er laus til ráðstöfunar þá.

- Langtímalán:** Langtímalánið var tekið í byrjun árs 2010, verðtryggt, til 10 ára, með jöfnum árlegum afborgunum í lok hvers árs. Vextir voru 11%. Lánið er í skilum.
- Tekjuskattsskuldbinding:** Hrávara ehf. hefur fært tekjuskattsskuldbindingu vegna mismunar á afskrift fasteignar til skatts og samkvæmt reikningshaldi. Hrávara ehf. gerir ráð fyrir að eiga fasteignina fjögur ár til viðbótar, en selja hana þá.
- Ógreitt hlutafjárloforð:** Farið var í hlutafjárútbod á miðju ári 2012 í dótturfélagi Hrávöru ehf. Hrávara ehf. skuldar enn sinn hlut í hlutafénu og ætlar að draga sig út úr hlutafjárútbodinu þar sem greiðslustaðan er ekki nægilega góð.
- Vaxtaskiptasamningur:** Hrávara ehf. er með vaxtaskiptasamning sem breytir föstum vöxtum af langtímaláni í breytilega vexti. Gjald dagar eru í lok árs og er samningurinn gerður upp nettó. Samningurinn sundurliðast á tímabil með eftirfarandi hætti:

<b>Ár/Fjárhæðir í þúsundum kr.</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Áætlað virði samningsins nettó.....	1.000	720	500	320	190	100	40
Óafvaxtað sjóðsflæði nettó .....	300	260	230	180	130	100	80
Afvaxtað sjóðsflæði nettó .....	270	230	180	130	90	60	40

- Valréttarsamningur:** Hrávara ehf. gerði valréttarsamning um kaup á fjórum tonnum af stáli. Valréttarsamningurinn rennur út þann 30. október 2013.

- Viðskiptakröfur:** Hrávara veitir viðskiptavinum sínum 30 - 90 daga greiðslufrest. Lengd greiðslufrestsins fer eftir fjárhæð viðskipta, hversu lengi viðskiptavinir hafa verið í viðskiptum og hvort viðskiptavinirnir hafa boðið forstjóra Hrávöru ehf. einhvern tíma í laxveiði eða ekki.

Kröfur sundurliðast þannig eftir gjalddögum:

<b>Gjalddagi</b>	<b>31/1</b>	<b>10/2</b>	<b>20/2</b>	<b>28/2</b>	<b>31/3</b>	<b>Samtals</b>
Fjárhæðir, í þúsundum kr.	40.000	5.000	5.000	25.000	40.000	115.000

Reyndin er sú að greiðslur berast að jafnaði 20 dögum eftir gjalddaga. Hrávara innheimtir 18% dráttarvexti frá gjalddaga.



Viðskiptaskuldir: Viðskiptaskuldir verða greiddar á eindaga, ef peningar eru fyrir hendi. Helmingurinn er á eindaga 31. janúar 2013, ca. þriðjungur þann 28. febrúar og afgangur á eindaga 31. mars 2013. Vegna örlítils greiðsluvanda ætlar Hrávara ehf. þó ekki að greiða nema 10% þann 31. janúar 2013, 25% þann 28. febrúar 2013, 25% þann 31. mars 2013 og það sem út af stendur þann 30. apríl 2013.

**Verkefni þitt er eftirfarandi:**

**Settu upp skýringu um lausafjánhættu (e. liquidity risk) sem stenst kröfur samkvæmt IFRS 7.**

## **Verkefni 14 - 45 mín.**

Heimbanki hf. var stofnaður 7. október 2008 á grunni Alheimsbanka hf. Rekstur Heimbanka hefur gengið glimrandi vel frá stofnun, þrátt fyrir erfiðleika og óáran hjá viðskiptavinum hans.

Bankastjórinn ákvað þann 1. janúar 2010 að bjóða völdum starfsmönnum sínum kauprétt, með fyrirvara um samþykki stjórnar og launanefndar bankans. Þann 1. apríl 2010 samþykkti launanefnd bankans kaupréttinn og ákvað kaupréttarverðið, sem skyldi vera nafnverð hlutabréfanna, 1 kr. Þann 1. júlí 2010 samþykkti stjórn bankans þennan kauprétt.

Gangvirði kaupréttarins, útreiknað af fjármálaverkfræðingum bankans, var 10 krónur fyrir hlut þann 1. janúar 2010, 12 krónur þann 1. apríl 2010 og 15 krónur þann 1. júlí 2010.

Heimbanki hf. veitti hverjum og einum af 50 sérvöldum starfsmönnum bankans 1.000 hluti í kauprétt. Skilyrði fyrir því að nýta sér kaupréttinn er að starfsmaðurinn vinni hjá bankanum næstu þrjú ár. Bankinn áætlað að þar sem bankalíf sé ekki allra muni 20% að þeim 50 starfsmönnum sem fengu kaupréttinn hætta á næstu þremur árum.

Bankinn gerir ráð fyrir að gefa út nýtt hlutafé þegar kemur að innlausn réttarins.

### **Verkefni þitt er eftirfarandi:**

- A) Upplýstu bankastjórann um það hver sammingsdagur (e. grant date) kaupréttarsammingsins er, og hvenær ávinnslutímabil (e. vesting period) starfsmannanna hefst?  
Færðu rök fyrir niðurstöðu þinni með tilvísunum í staðla ef við á.**

**2.**

Bankastjórinn er bókhaldsmaður mikill, enda er hann menntaður endurskoðandi. Því vill hann átta sig algjörlega á áhrifum af þessum kauprétti og biður því þig um aðstoð.

### **Verkefni þitt er eftirfarandi:**

- B) Til að bankastjórinn átti sig algjörlega á áhrifum af þessum kauprétti á efnahagsreikning og rekstrarreikning bankans, þá biður hann þig um að setja upp færslur þær sem fyrirtækið þarf að gera í bókhaldi sínu á hverju ári þessi þrjú ár þar til kauprétturinn hefur verið innleystur.**

**3.**

Þegar bankastjórinn fór yfir færslur vegna kaupréttar í lok árs 2011 kom í ljós að mat hans á því hve margir starfsmenn voru í vinnu var ekki alveg rétt. Í ljós kom að á fyrsta ári kaupréttarins höfðu tveir af þeim starfsmönnum sem fengu kaupréttinn hætt, og þess vegna gerir bankastjórinn nú ráð fyrir að 12% af starfsmönnum hætti áður en kaupréttartíminn er liðinn í staðinn fyrir 20% í fyrri spá.

**Verkefni þitt er eftirfarandi:**

- C) Bankastjórinn biður þið því um að setja upp fyrir sig hvaða áhrif þetta breytta mat hans hefur á þær færslur sem að gera þarf í bókhaldi bankans vegna þessara kaupréttarsamninga.**

## **Verkefni 15 - 20 mín.**

Eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir um tekjur skattaðila á árinu 2012:

Launatekjur	11.312.500
Hlunnindi	1.500.000
Arður sem laun	12.000.000
Iðgjald í lífeyrissjóð	-678.750
Stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars	24.133.750

Maki skattaðila er tekjulaus á árinu, engar erlendar tekjur eru á skattframtali og útsvarsprósenta er 13,66%.

Samkvæmt álagningarseðli 2013 voru engir skattar lagðir á maka skattaðila. Skattaðila er hins vegar gert að greiða kr. 3.296.670 í útsvar og kr. 5.799.807 í tekjuskatt.

**Verkefni þitt er að yfirfara álagningu tekjuskatts og útsvars samkvæmt álagningarseðli 2013, en um var að ræða svokallaðan „handútreikning“ þar sem kerfi ríkisskattstjóra er ekki hannað fyrir vélrænan útreikning í tilviki sem þessu, og svara því hvort ástæða sé til þess að kæra þessa álagningu eða ekki.**

**Sýnið útreikninga á útsvari og tekjuskatti, hvort sem ástæða er til þess að kæra álagninguna eða ekki.**

## Verkefni 16 - 65 mín.

Fjármálastjóri Sunnanvinds ehf. hefur gert drög að rekstrarreikningi og efnahagsreikningi fyrir árið 2012 (sjá fylgiskjal nr. 16) og óskar eftir aðstoð þinni við að leiða út tekjuskattstofn félagsins.

Hér á eftir eru ýmsar upplýsingar er varða rekstur félagsins á árinu 2012 sem hugsanlega geta haft áhrif á skattútreikninga ársins og eru allar fjárhæðir án virðisaukaskatts, hafi innskattsréttur verið fyrir hendi samkvæmt lögum, nema annað sé tekið fram:

1)

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	<u>2012</u>	<u>2011</u>
Viðskiptakröfur skv. viðskiptamannabókhaldi	125.000.000	118.000.000
Varúðarafskrift viðskiptakrafna	(20.000.000)	(14.000.000)
Viðskiptakröfur skv. efnahagsreikningi	<u>105.000.000</u>	<u>104.000.000</u>

2)

Birgðir eru eignfærðar á kostnaðarvirði. Félagið færði hámarksniðurfærslu á birgðir og viðskiptakröfur í skattframtali 2012 í samræmi við ákvæði laga um tekjuskatt.

3)

Á árinu 2012 gerði félagið samning við einn af sölumönnum sínum þess efnis að hann fengi bónusgreiðslu á laun yrði tilteknum framlegðarmarkmiðum náð á rekstrarárinu 2012. Þessi markmið náðust og fékk sölumaðurinn bónusinn greiddan í mars árið 2013. Launin ásamt launatengdum gjöldum námu kr. 1.800.000. Félagið hefur gjaldfært í rekstri sínum á árinu 2012 kr. 1.500.000 vegna sammingsins, en um er að ræða áætlaða fjárhæð sem reiknuð var í byrjun janúar 2013.

4)

Félagið fjárfesti á árinu 2007 í hlutdeildarskírteinum erlends verðbréfafyrirtækis. Hlutdeildarskírteinin eru skráð á erlendum verðbréfamarkaði. Sjóðurinn á bak við hlutdeildarskírteinin fjárfestir nær eingöngu í hlutabréfum finnska fyrirtækisins Nokia. Í upphafi árs 2012 nam bókfært virði skírteinanna kr. 2.000.000 þegar gengi þeirra var 5 USD á hlut. Gengið í árslok var 4 USD á hlut. Bókfært verð bréfanna í árslok nam kr. 1.645.000, en veiking krónunnar frá ársbyrjun dró eilítið úr bókfærðu tapi á árinu.

5)

Eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir úr skattalegri fyrningartöflu frá fyrra ári:

	<b>Skrifstofu- húsnæði</b>	<b>Skrifstofu- áhöld og tæki</b>	<b>Samtals</b>
Stofnverð 1/1 2011	90.000.000	30.000.000	120.000.000
Viðbót á árinu	0	0	0
Stofnverð 31/12 2011	90.000.000	30.000.000	120.000.000
Uppsafnaðar fyrn. 1/1 2011	7.500.000	27.000.000	34.500.000
Fyrning ársins	2.700.000	0	2.700.000
Samtals fyrningar	10.200.000	27.000.000	37.200.000
Bókfært verð 31/12 2011	79.800.000	3.000.000	82.800.000

Á árinu 2012 hefur félagið meðal annars eignfært kaup á fartölvu sem kostaði kr. 311.240 að virðisaukaskatti meðtöldum. Annar eignfærður tölvubúnaður er vegna fjárfestingar í nýjum netþjóni ásamt tilheyrandi fylgihlutum. Óefnislegar eignir í árslok eru vegna eignfærðrar eigin vinnu félagsins á árinu 2012 við markaðsöflun í Eistlandi að fjárhæð kr. 8.000.000. Skrifstofuhúsnæði félagsins var selt á árinu fyrir kr. 120.000.000. Bókfærður söluhagnaður nam kr. 16.000.000. Undirritaður var kaupsamningur um nýtt og stærra skrifstofuhúsnæði fyrir starfseminna 28. desember 2012 og fór afhending fram við undirritun samnings. Kaupverð nam kr. 180.000.000.

Eignfærðar fjárfestingar á árinu samkvæmt ársreikningi sundurliðast þannig:

Fasteign .....	180.000.000
Tölvubúnaður .....	4.248.000
Símkerfi .....	1.752.000
Markaðsleit .....	8.000.000
Samtals .....	<u>194.000.000</u>

Innskattur á virðisaukaskattsskýrslum vegna fjárfestingar í tölvubúnaði og símkerfi nam kr. 1.530.000. Enginn virðisaukaskattur var af öðrum fjárfestingum ársins.

6)

Meðal gjaldfærðs rekstrarkostnaðar á árinu 2012 eru eftirfarandi útgjaldaliðir:

- Reikningur fyrir kaffivél að fjárhæð kr. 280.000, sem var verð vélarinnar að meðtöldum virðisaukaskatti.
- Rekstrarkostnaður sumarahúss í eigu félagsins kr. 1.800.000 sem er til endurgjaldslausra afnota fyrir starfsmenn.

- Þóknun fasteignasala að fjárhæð 850.000 vegna þjónustu hans í tengslum við kaup á fasteign félagsins á árinu. Reikningur fasteignasalans var að fjárhæð kr. 1.066.750 að meðtöldum virðisaukaskatti.
- Styrkur til frambjóðanda í prófkjöri til alþingiskosninga kr. 800.000 og til stjórnmalaflokks að fjárhæð kr. 1.000.000.
- Golf ferð til Spánar að fjárhæð kr. 550.000 í tilefni af 50 ára afmæli eiginmanns stjórnarformanns félagsins.

7)

Félagið á 30% eignarhlut í Norðangarra ehf. og er eignarhluturinn bókfærður eftir hlutdeildaraðferð. Bókfærðar hlutdeildartekjur á árinu 2012 vegna eignarhlutarins námu kr. 2.600.000. Þá greiddi Norðangarri ehf. arð til Sunnanvinds ehf. að fjárhæð kr. 600.000 í kjölfar aðalfundar félagsins sem haldinn var 15. ágúst 2012.

8)

Á árinu 2011 gerði félagið framvirkan samning þar sem undirliggjandi eignir voru hlutabréf í Icelandair. Samningurinn var gerður þegar gengi bréfa í Icelandair var 4,48 og framvirkt gengi 4,90. Engar fjárhæðir voru færðar í bækur félagsins á árinu 2011 vegna samningsins. Þegar samningnum lauk á árinu 2012 var gengi bréfa Icelandair orðið 7,07 og hagnaðist félagið á samningnum um kr. 2.000.000 og er sú fjárhæð færð til tekna í rekstrarreikningi.

9)

Þar sem rekstur félagsins hefur orðið flóknari og umfangsmeiri með árunum var það niðurstaða stjórnar að framkvæmdastjóri þess þyrfti að auka við stjórnunarþekkingu sína í því skyni að efla hann í starfi fyrir félagið. Framkvæmdastjórinn var því skráður í tveggja ára MBA nám haustið 2012. Félagið mun greiða kostnað við námið samkvæmt sérstöku samkomulagi við framkvæmdastjórnann og er áætlaður kostnaður félagsins um 3 milljónir kr. á tímabilinu. Á árinu 2012 hefur félagið greitt og gjaldfært meðal annars rekstrarkostnaðar kr. 850.000 vegna námsins.

**Verkefni þitt er að leitast skal við að lágmarka tekjuskattsstofn eftir því sem lög leyfa. Vegna álitamála skal fylgja rökstuðningur og vísa til viðeigandi lagagreina. Greina skal sérstaklega frá þeim fjárhæðum sem þú telur að hafi ekki áhrif á skattstofn félagsins og ástæðum þess.**

## **Verkefni 17 - 20 mín.**

Fjármálastjóri framleiðslufyrirtækisins Roth hf. er nýbúinn að ráða starfsmann til félagsins, Ölmú Sigurðardóttur, sem kemur til með að sinna skattamálum þess. Fjármálastjórinn hefur beðið þig um að vera henni innan handar, svara eftir atvikum spurningum o.s.frv.

Fyrsta verk Ölmú er að setja sig inn í staðgreiðsluskil Roth hf. vegna vaxtagreiðslna félagsins til eigenda skuldabréfa sem Roth hf. gaf út fyrir nokkrum árum. Viðtakendur vaxtagreiðslna eru aðilar með skattalega heimilisfesti á Íslandi, bæði hlutafélög og einstaklingar, og aðilar með skattalega heimilisfesti utan Íslands, bæði hlutafélög og einstaklingar.

Alma leitar til þín um upplýsingar í þessu sambandi. Alma þarf upplýsingar frá þér um í hvaða tilvikum Roth hf. beri að halda eftir staðgreiðslu og skila til ríkissjóðs skatti af vaxtagreiðslum og hversu háu hlutfalli í hvert sinn í prósentum talið. Alma gerir sér grein fyrir að hér reynir á lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Alma er hins vegar ekki viss um hvaða ákvæði þessara laga skipta máli í þessu sambandi og óskar því eftir að í upplýsingunum frá þér komi fram tilvísanir til viðeigandi lagaákvæða.

**Verkefni þitt er að svara spurningum Ölmú um það í hvaða tilvikum Roth hf. beri að halda eftir staðgreiðslu og skila til ríkissjóðs skatti af vaxtagreiðslum og hversu háu hlutfalli í hvert sinn í prósentum talið.**

**Svarið hér:**



## Verkefni 18 – 30 mín.

Viðskiptavinur kemur til þín og biður um endurskoðun. Ársreikningur vegna ársins 2012 hafði verið áritaður af öðrum endurskoðanda með könnunaráritun, en sá endurskoðandi hafði aðstoðað við skattauppgjör og gerð ársreiknings frá stofnun félagsins og nú síðast framkvæmt könnun á reikningsskilunum. Banki viðskiptavinarins hefur beðið um að ársreikningurinn verði endurskoðaður og vill fyrri endurskoðandi ekki taka það að sér þar sem hann hefur veitt aðstoð við uppgjör og skattframtöl. Félagið virðist vera ákaflega sterkt, örugg eiginfjárstaða og gott sjóðstreymi. Þú gerir tilboð í verkið. Þegar endurskoðun hefst kemur í ljós að það stendur ekki steinn yfir steini, handbært fé er mun lægra en fram kom í birtum ársreikningi, opunarstöður í bókhaldi reyndust rangar og hafa ekki verið færðar í mörg ár. Þá liggja ekki fyrir afstemmingar á efnahagsliðum.

Þú ert að velta fyrir þér að segja þig frá verkefninu en framkvæmdastjórinn vill að þú haldir áfram og gerir grein fyrir ágöllum í áritun, ef þú telur það nauðsynlegt. Framkvæmdastjórinn ætlar að sjá til þess að framkvæmdar verði afstemmingar á efnahagsliðum miðað við árslok 2012 og að þær verði tilbúnar áður en þú hefur endurskoðunina. Eftir að hafa íhugað málið samþykkir þú þessa málaleitan framkvæmdastjórans. Ljóst er að ekki er tími til að leiðrétta skattframtöl og ársreikninga fyrri ára nema að takmörkuðu leyti áður en áritun er gefin.

### Verkefni:

- A) Hvernig er hægt að ljúka endurskoðun á verkefninu?
- B) Hvaða áritun væri viðeigandi, miðað við að áætlun þín í A-lið takist?
- C) Þarf að grípa til einhverra ráðstafana gagnvart fyrri endurskoðanda?

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið hér:**

## Verkefni 19 – 45 mín.

Hallbjörn Hólm tók við framkvæmdastjórastöðu hjá Hólmaborg hf. í febrúar 2013. Hólmaborg hf. er með skráð skuldabréf í kauphöll og gerir upp í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Félagið birti ársreikning vegna ársins 2012 þann 20. mars 2013 í Nasdaq OMX Nordic. Friðsteinn Friðsteinsson, fjármálastjóri og löggiltur endurskoðandi, hefur sjálfur unnið reikningsskilin í um 10 ár en auk Friðsteins eru tveir viðskiptafræðingar honum til aðstoðar á fjármálasviði félagsins. Friðsteinn sendir ársreikninginn fullbúinn til endurskoðunar hjá Gömlu endurskoðuninni.

Í haust kallaði Hallbjörn þig á fund til sín, en þú starfaðir einu sinni sem verkefnastjóri í endurskoðunarteymi Hólmaborgar hf. hjá Gömlu endurskoðuninni. Hann segist hafa töluverðar áhyggjur af fjármálasviðinu og verklagi í kringum uppgjör félagsins. Hallbjörn sagðist hafa verið nýkominn til starfa þegar ársreikningurinn vegna ársins 2012 hafi verið unninn og því hafi hann ekki mikið vilja skipta sér af verkferlinu. Honum fannst þó óþægilegt hversu mikið hlutirnir virtust á síðustu stundu og nefndi að hann hafi sjálfur t.d. ekki séð endalega útgáfu ársreikningsins fyrir en kvöldið fyrir birtingu. Þá höfðu starfsmenn fjármálasviðs verið að lagfæra ársreikninginn sama dag og hann var birtur, nokkrum mínútum fyrir stjórnarfund. Hallbjörn sagði að síðar hefði hann fengið bréf frá Nasdaq OMX Nordic og Ársreikningaskrá þar sem hefðu komið fram spurningar um einstaka þætti ársreikningsins. Félagið hefði hins vegar sloppið með áminningu með því að fallast á að lagfæra þessi atriði í næsta ársreikningi, þó svo að skýrsla stjórnar hefði ekki uppfyllt ákvæði laga og áhættustýringarskýringin hefði þótti heldur rýr. Einhverjar skekkjur hefðu einnig verið í skýringum og þær ekki alltaf stemmt inn í rekstrarreikning og efnahagsreikning. Samanburðarfjárhæðir brengluðust einnig lítillaga, en Excel-uppgjörslíkanið, sem Friðsteinn og hans fólk notar, er nokkuð flókið og viðkvæmt.

Hallbjörn sagðist hafa rætt þetta við endurskoðanda félagsins og hann hefði tekið undir þetta og sagt sér að það væru talsvert miklir veikleikar í ýmsum þáttum uppgjörferilsins. Endurskoðandinn sagði að tímaramminn virtist knappur á hverju ári, hann fengi ótal drög að ársreikningi og síðustu leiðréttingar væru að skila sér rétt fyrir stjórnarfundum þar sem árita ætti reikningsskilin. Endurskoðandinn sagði líka að oft væru „uppákomur“ í lokin þegar hann fengi að vita af reikningshaldslegum álitaeftum sem ekki hefði gefist tími til að ræða í þaula og hann hafi stundum verið ósammála Friðsteini um úrlausn einstakra mála. Endurskoðandinn sagði jafnframt við Hallbjörn að sennilega væri best að skoða uppgjörferlið í heild sinni og fá einhvern sem væri góður í innra eftirliti til að koma með tillögu að tryggja eftirlitskerfi með uppgjörferli félagsins. Nýir starfsmenn á fjármálasviði Hólmaborgar hf. hafa lent í vandræðum þar sem lítið er um skjalfesta ferla og vinnuskjöl með uppgjörum eru óaðgengileg í ótal Excel-skjölum. Endurskoðandinn sagði Hallbirni líka að fjármálasvið Hólmaborgar hf. hefði lent í vandræðum við gerð ársreiknings fyrir um fimm árum þegar Friðsteinn fékk slæma vírussýkingu í miðju uppgjöri og lenti á spítala. Það hefði nú reyndar sloppið í það skiptið og sem betur fer hefði Friðsteinn verið hraustur síðan. Endurskoðandinn sagði að hann væri margoft búinn að benda á að fjármálasviðið væri of háð Friðsteini en engu að síður hefði verklag sviðsins lítið breyst og Friðsteinn væri algjör lykilmaður í uppgjörsvinnu félagsins.

Endurskoðandinn benti Hallbirni á að tala við þig, þar sem þú starfaðir einu sinni fyrir Gömlu endurskoðunina áður en þú fórst út í sjálfstæða ráðgjöf á sviði innra eftirlits.

Hallbjörn vill því athuga hvort þú getir aðstoðað félagið við að skilgreina lágmarkskröfur til innra eftirlits með uppgjörsferlinu og gerðar og framsetningar fjárhagsupplýsinga, með það að markmiði að tryggja áreiðanlega og tímanlega fjárhagslega upplýsingagjöf innanhúss og ytri upplýsingagjöf í formi ársreikninga og árshlutareikninga. Hallbjörn segist ekki vilja lenda í sömu stöðu og í síðasta ársuppgjöri þegar hann var á nálum yfir því hvort ársreikningurinn væri réttur og þurfa að leggja allt sitt traust á endurskoðanda félagsins. Það hefði samt ekki verið nóg þar sem fyrirtækið fékk áminningar vegna reikningsskilanna.

**Verkefni:**

- A) Hvaða lágmarkskröfur telur þú að gera þurfi til innra eftirlitskerfis til að tryggja tímanlegar og áreiðanlegar fjárhagslegar upplýsingar?**
- B) Gerðu drög að aðgerðaáætlun sem miðar að því að Hólmaborg hf. verði komin með tryggara innra eftirlitskerfi í byrjun árs 2014 þegar vinna vegna ársreiknings 2013 hefst.**

*Rökstyddu svörin með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið hér:**